



Vetrarþjónusta stofnanaíóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og verklýsing
Tilboðsbók

Útboð 15701
Nóvember 2022

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Verkkaupi:	Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 - 105 Reykjavík Sími: 411 1111
Verkefnastjóri:	Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands Borgartúni 12 - 14 - 105 Reykjavík Sími: 411 1111 Hjalti Jóhannes Guðmundsson
Umsjónaraðili útboðs:	Innkaupa skrifstofa Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 - 105 Reykjavík Sími: 411 1040

EFNISYFIRLIT

0. ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR	1
0.1 YFIRLIT	1
0.1.1 Útboð	1
0.1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit.....	1
0.1.3 Kröfur til bjóðenda	2
0.1.4 Lauslegt yfirlit yfir verkið	2
0.1.5 Kynningarfundur – Vettvangsskoðun.....	4
0.1.6 Verksamningur – Verkáætlun	4
0.1.7 Framkvæmdatími – verklok.....	4
0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFJA OG EFTIRLIT	5
0.2.1 Verkkaupi.....	5
0.2.2 Ráðgjafar	5
0.2.3 Eftirlit verkkaupa	5
0.2.4 Verkefnavefur USK	5
0.3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG - REGLUGERÐIR – STAÐLAR	5
0.3.1 Útboðsgögn.....	5
0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum	5
0.3.3 Uppdrættir og lýsingar	6
0.3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	6
0.3.5 Undirverktakar.....	6
0.4 TILBOÐ	6
0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs	6
0.4.2 Fylgigögn með tilboði.....	7
0.4.3 Auðkenni tilboðs	8
0.4.4 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs	8
0.4.5 Opnun tilboða	8
0.4.6 Meðferð og mat tilboða.....	9
0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs.....	9
0.5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR.....	9
0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir	9
0.5.2 Framlag verkkaupa.....	9
0.5.3 Breytingar á verkinu (viðbótarverk) – aukaverk	9
0.5.4 Frestir – Tafabætur (dagsektir).....	10
0.5.5 Greiðslur, magntölur og reikningsskil.....	10
0.5.6 Verðlagsgrundvöllur.....	11
0.5.7 Fyrirframgreiðsla	11
0.5.8 Magnbreytingar	11
0.6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL	11
0.6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	11
0.6.2 Framkvæmdatrygging – verktrygging	12
0.6.3 Vedsetningar – Eignarréttarfyrirvarar	12
0.6.4 Misræmi í gögnum	12
0.6.5 Ágreiningsmál.....	12
0.7 VINNUSTAÐUR.....	12
0.7.1 Athafnasvæði og vinnustaða	12
0.7.2 Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	13
0.7.3 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira	13
0.7.4 Umhirða á vinnustað	13
0.7.5 Öryggi á vinnustað.....	13

0.7.6	<i>Ýmis sérákvæði v/vinnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.</i>	13
0.8	FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS	13
0.8.1	<i>Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir</i>	13
0.8.2	<i>Gæði verksins</i>	13
0.8.3	<i>Efnisval og vinnuáferðir</i>	14
0.8.4	<i>Málsetningar og mælingar</i>	14
0.8.5	<i>Sýnishorn og prófanir</i>	14
0.8.6	<i>Samskipti við yfirvöld</i>	14
0.8.7	<i>Verklök / úttektir</i>	14
0.8.8	<i>Meistaraskipti og hlutverk byggingarstjóra</i>	14
0.9	TEIKNINGASKRÁ	14
0.10	FYLGISKJÖL FRÁ VERKKAUPA	15
0.10.1	<i>Form verktryggingar</i>	15
0.10.2	<i>Verkmappa</i>	16
0.10.3	<i>Gögn á ytri vef USK</i>	16
0.10.4	<i>Gögn afhent á útboðsvef Reykjavíkurborgar</i>	16
1.	VERKLÝSING	17
1.1	ALMENNT	17
1.1.1	<i>Yfirlit yfir verkið</i>	17
1.1.2	<i>Umferð/öryggisráðstafanir</i>	18
1.1.3	<i>Skemmdir á mannvirkjum og/eða eignum þriðja aðila</i>	19
1.1.4	<i>Vinnutími</i>	19
1.1.4.1	<i>Þjónustuflokkar - Forgangur og tímamörk</i>	19
1.1.5	<i>Tæki og búnaður</i>	20
1.1.5.1	<i>Almennt um tæki og búnað</i>	20
1.1.5.2	<i>Tækjapörf</i>	20
1.1.6	<i>GPS- og fjarskiptabúnaður vegna ferilvöktunar</i>	21
1.1.7	<i>Mannafli</i>	21
1.1.8	<i>Skráning</i>	21
1.1.9	<i>Samráðsfundur</i>	21
1.1.10	<i>Magntölur - uppgjör</i>	22
1.2	VIÐVERUGJALD	22
1.3	SNJÓHREINSUN	22
1.3.1	<i>stofnanalóðir</i>	22
1.3.1.1	<i>Útboðssvæði 1</i>	22
1.3.1.2	<i>Útboðssvæði 2</i>	22
1.3.1.3	<i>Útboðssvæði 3</i>	22
1.3.1.4	<i>Útboðssvæði 4</i>	23
1.4	VINNA Í TÍMAVINNU	23
2.	TILBOÐSBÓK	24
2.1	TILBOÐSBLAÐ	24
2.2	TILBOÐSSKRÁ	25
2.3	TÆKNILEGT TILBOÐ	28
2.3.1	<i>Tækjalisti</i>	28
2.3.2	<i>Helstu stjórnendur og starfsmenn</i>	30
2.3.3	<i>Hæfni verktaka / Listi yfir sambærileg verk</i>	32
2.3.4	<i>Nöfn undirverktaka</i>	33

0. ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 ÚTBOÐ

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (USK) óskar eftir tilboðum í verkið:

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Verkið skal framkvæma í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í grein „0.3.1 Útboðsgögn“.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliða í tilboðsskrá.

0.1.2 ÚTBOÐSFORM - ÚTBOÐSYFIRLIT

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í grein 1.2.2 í ÍST 30.

Útboð þetta er auglýst á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

ÚTBOÐSYFIRLIT

• Kynningarfundur	Verður ekki haldinn	Sjá nánar gr. 0.1.5
• Fyrirspurnatíma lýkur	7. desember 2022 kl. 16:00	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Svarfrestur rennur út	12. desember 2022 kl. 16:00	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Opnunartími tilboða	19. desember 2022 kl. 10:00	Sjá nánar gr. 0.4.5
• Upphaf framkvæmdatíma	Við töku tilboðs	Sjá nánar gr. 0.1.7
• Lok framkvæmdatíma	1. apríl 2025	Sjá nánar gr. 0.1.7
• Kröfur til bjóðenda Sérstakar kröfur gerðar um hæfni og reynslu bjóðanda		Sjá nánar gr. 0.1.3
• Tafabætur	50.000 kr./klst	Sjá nánar gr. 0.5.4
• Verðlagsgrundvöllur	Verkið verðbætist	Sjá nánar gr. 0.5.6
• Frávíkstilboð	Eru ekki heimiluð	Sjá nánar gr. 0.4.1
• Fylgigögn með tilboði:	Skila á fylgigögnum með tilboði	Sjá nánar gr. 0.4.2
• Opnunarstaður tilboða	Innkaupadeild Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 -14. 105 Reykjavík.	Sjá nánar gr. 0.4.5

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

0.1.3 KRÖFUR TIL BJÓÐENDA

A. Kröfur um hæfni og reynslu:

Gerð er krafa um að bjóðandi og/eða helstu stjórnendur hafi víðtæka reynslu af vetrarþjónustu og hafi unnið sambærileg verkefni að umfangi á undanförunum 2 árum. Yfirstjórn verksins á verkstað skal vera í höndum aðila með verulega reynslu í sambærilegum verkum, minnst 2 ár og skal hann vera íslenskumælandi.

Við mat verkkaupa á hæfni og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er verkkaupa heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af verklegum framkvæmdum og leggja slíka hæfni og reynslu að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

B. Krafa um eigið fé:

Gerð er krafa um að eigið fé bjóðanda sé jákvætt. Ef ársreikningur bjóðanda sýnir að eigið fé nái ekki þessari kröfu er verkkaupa þó heimilt að taka til greina upplýsingar í formi árshlutareiknings árituðum af löggiltum endurskoðanda eða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda byggðri á upplýsingum um efnahag bjóðanda, um að eigið fé bjóðandans sé jákvætt. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrir en viku fyrir opnunardagsetningu tilboða.

C. Krafa um eðlilega viðskiptasögu:

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

D. Aðrar upplýsingar:

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldar upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu. Farið verður með þessar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, ef þær eru þess eðlis.

- Síðast gerðum endurskoðuðum ársreikningi, árituðum án fyrirvara um rekstrarhæfi félags af löggiltum endurskoðanda. Sé síðasti ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða hann sýnir neikvæða eiginfjárstöðu er heimilt að leggja fram yfirlýsingu án fyrirvara um jákvæða eiginfjárstöðu frá löggiltum endurskoðanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrir en viku fyrir opnunardagsetningu tilboða.
- Yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.

0.1.4 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Verkkaupi (Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar) óskar eftir að semja við verktaka til til þriggja ára, með möguleika verkkaupa á framlengingu til tveggja ára, eitt ár í seinn, til að sjá um snjóhreinsun bílastæða innan stofnanalóða í Reykjavík.


Snjómoksturssvæðum er skipt í fjögur útboðssvæði, þ.e. Svæði 1 - Vesturbær, Miðborg og Hlíðar, Svæði 2 - Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir, Svæði 3 - Grafarvogur, Úlfarsárdalur og Grafarholt, og Svæði 4 – Árbær, Breiðholt og Norðlingaholt.

Verktaka er heimilt að bjóða í eitt eða fleiri útboðssvæði. Sjá nánar tilboðsbók.

Um er að ræða snjóhreinsun í þrjá vetur, þ.e. veturna 2022-2023, 2023-2024 og 2024-2025, sjá nánar 0.1.7 „Framkvæmdatími – verklok“. Vinnusvæði verktaka er sýnt á meðfylgjandi teikningu/korti. Bjóðendur skulu kynna sér vel vinnusvæði innan hvers hverfis, en þau eru misjafnlega erfið í hreinsun.

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og samningskilmálar



Mynd 1 Yfirlit yfir útboðssvæðin fjögur þ.e. Svæði 1 (grænt), svæði 2 (fjólublátt), svæði 3 (rautt) og svæði 4 (gult).

Markmið vetrarþjónustu um stofnanalóðir er að halda bifreiðastæðum borgarinnar í nothæfu ástandi innan opnunartíma þeirra stofnana og fyrirtækja sem þau þjóna. Það er gert með því að standa að snjómokstri utan opnunartíma þeirra.

Helstu magntölur (fermetrar af bílastæðum stofnana lóða) eru:

Tegund stofnunar	Útboðssvæði			
	1	2	3	4
Leikskóli	10.306 m ²	10.310 m ²	8.955 m ²	11.841 m ²
Grunnskóli	9.650 m ²	14.006 m ²	31.383 m ²	24.481 m ²
Bílastæðasjóður	4.793 m ²			
Íþróttamannvirki	2.957 m ²	24.122 m ²	7.066 m ²	6.528 m ²
Aðrar stofnanir	1.792 m ²		4.235 m ²	5.409 m ²
Velferðarsvið	1.437 m ²	2.359 m ²	4.994 m ²	5.415 m ²
Samtals	30.934 m²	50.797 m²	56.633 m²	53.674 m²

Snjóhreinsun skal ljúka fyrir þann tíma sem tilgreindur er í grein „1.1.3 Vinnutími“. Verkaupi mun sjá um hálkueyðingu.

Verktaki skal vinna verkið í samvinnu við eftirlitsmann umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Verkið skal vinna í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd og samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari og er verktaki að fullu ábyrgur fyrir því að þeim sé fylgt. Yfirlit yfir helstu lög og reglugerðir er að finna í grein “0.3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar”.

Verktaki skal skila verkinu af sér til verkkaupa í samræmi við ákvæði útboðsgagna og þess er fram kemur í grein „0.1.7 Framkvæmdatími – Verklok“.

0.1.5 KYNNINGARFUNDUR – VETTVANGSSKOÐUN

Kynningarfundur verður ekki haldinn með bjóðendum, en þeir eru hvattir til þess að kynna sér aðstæður á væntanlegum verkstöðum.

0.1.6 VERKSAMNINGUR – VERKÁÆTLUN

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka telst kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30:2012.

Gera skal skriflegan verksamning um verkið.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki leggja fram *verkáætlun* (tíma-, greiðslu- og mannaflááætlun) um verkið í heild, sbr. grein 3.3.1 í ÍST 30 ásamt því að leggja fram *verktryggingu*. Verkáætlunin skal vera ítarleg og sýna bundna leið verksins (*Critical Path Method*). Verktaki skal undirrita tíma- og mannaflááætlun og undirverktakar sem koma að meginhluta verksins skulu einnig staðfesta hana. Verkáætlun þessi verður hluti verksamnings.

Verktaki skal jafnan gera sitt ýtrasta til þess að fylgja verkáætluninni og tilkynna jafnóðum ef út af bregður og af hvaða orsökum. Gangi verkið ekki nógu vel fram, miðað við samþykktu verkáætlun, er verktaka skylt að fjölga starfsmönnum og tækjum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana, svo að áfangar verði tilbúnir á fyrirfram ákveðnum tíma.

Til að komast hjá röskun á verkáætluninni mun verkkaupi tímanlega leggja fram þá hluti eða þjónustu sem samningur við verktaka segir til um.

Seinkun á framkvæmd einstakra verkþátta vegna aukaverka, viðbótarverka, magnaukninga eða afhendingar verkkaupa á efni eða þjónustu getur því aðeins leitt til framlengingar á skilátíma verks samkvæmt verkáætlun að viðkomandi verkþáttur sé á bundinni leið (*Critical Path*) verksins.

Verktaki skal endurskoða verkáætlun eftir samkomulagi og ekki sjaldnar en mánaðarlega ef sýnt er að eldri áætlun fær ekki staðist og skal leggja hana fram til samþykktar hjá verkkaupa. Samþykki á nýrri verkáætlun, sem fer fram yfir umsaminn skiladag, þýðir ekki að verkkaupi falli frá rétti sínum til tafabóta, sbr. grein „0.5.4 Frestir – Tafabætur“.

Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár, eitt ár í senn.

0.1.7 FRAMKVÆMDATÍMI – VERKLOK

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka.

Samningsbundið verk hefst í 1. viku 2023 og því lýkur í lok 13. viku 2025 nema það komi til framlengingar um eitt eða tvö ár. Samningstímanum í upphafi er því skipti í þrjú 20 vikna tímabil og skal verktaki sinna snjóhrensun á eftirfarandi tímabilum:

Vika 1, 2023 – vika 13, 2023.

Vika 46, 2023 – vika 13, 2024.

Vika 46, 2024 – vika 13, 2025.

Verklok skulu miðast við vikulok viku 13, 2025 nema verkkaupi nýti sér rétt til framlengingar til tveggja ára, eitt ár í senn. Verði samningur framlengdur bætast við eitt eða tvö 20 vikna tímabil:

Vika 46, 2025 – vika 13, 2026 (fyrri framlenging).

Vika 46, 2026 – vika 13, 2027 (seinni framlenging).

Upphaf hvers tímabils er þó háð því hvernig viðrar að hausti og getur því færst til um nokkra daga eða vikur. Sama gildir um verklok hvers tímabils að vori sem gætu dregist um nokkra daga eða vikur ef þannig viðrar.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í grein „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“. Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrir en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðsgögnum. Þegar verktaki telur sig eiga rétt á framlengingu skilafrests skal hann skýra frá því tafarlaust og leggja fram gögn er sýna fram á réttmæti framlengingarinnar.

0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFAR OG EFTIRLIT

0.2.1 VERKKAUPI

Verkkaupi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar kt. 570480-0149
Borgartúni 12 -14, 105 Reykjavík
Sími: 411 1111

Umsjón og eftirlit: Reykjavíkurborg – Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411 1111

0.2.2 RÁÐGJAFAR

Útboðsgögn og kort: EFLA hf.
Lyngháls 4, 110 Reykjavík
Sími: 412 6000

Vefsja: Reykjavíkurborg – Landupplýsingar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

0.2.3 EFTIRLIT VERKKAUPA

Eftirlit verkkaupa er á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (USK) og mun aðili frá USK sinna daglegu eftirliti, hér eftir nefndur eftirlitsmaður.

Þessi eftirlitsmaður mun annast daglegt eftirlit á vinnustaðnum og vera fulltrúi verkkaupa gagnvart verktaka. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið samkvæmt samningi og í samráði við eftirlitsmann. Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, hvort sem um er að ræða efnisval, útfærslur eða túlkun samningsgagna, skal hann tafarlaust leita fyrir mæla eftirlitsmanns. Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum og/eða reglugerðum.

0.2.4 VERKEFNAVEFUR USK

Á ekki við í þessu útboðsverki.

0.3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG - REGLUGERÐIR – STAÐLAR

0.3.1 ÚTBOÐSGÖGN

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- Útboðs- og samningsskilmálar þessir nr. **15701** dags. nóvember 2022.
- Verklýsing nr. 15701 dags. nóvember 2022.
- Útboðsteikningar (sjá kafla „0.9 Teikningaskrá”)
- Tilboðsblað og tilboðsskrá
- Íslenskur staðall ÍST 30, 6. útgáfa 2012.
- Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.
- Ýmis gögn frá USK á slóðinni <http://handbok.reykjavik.is/vefur/> sjá grein „0.10.3 Gögn á ytri vef USK“.

0.3.2 SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda Innkaupadeild Reykjavíkurborgar skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir þann frest sem getið er um í kafla “0.1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit”.

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og samningsskilmálar

Fyrirspurnin skal merkt númeri útboðsins og send í gegnum útboðsvef innkaupadeildar <http://utbod.reykjavik.is>

Svör við fyrirspurnum, viðbótarupplýsingar og viðaukar við útboðsgögn verða birtar handhöfum útboðsgagna á útboðsvef Reykjavíkur <http://utbod.reykjavik.is>, eigi síðar en þann dag sem getið er um í kafla “ 0.1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit”. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnum.

0.3.3 UPPDRÆTTIR OG LÝSINGAR

Ákvæði um meðferð og afhendingu gagna eru í grein 3.4 í ÍST 30. Aðalverktaki ber ábyrgð á fjölföldun allra þeirra gagna sem fulltrúar verkkaupa afhenda honum og það er einnig á hans ábyrgð að undirverktakar hans kynni sér öll samningsgögn.

Þau gögn, sem verktaki fær aðgang að á útboðsvef Reykjavíkurborgar á tilboðsgerðarstigi er hluti samnings milli verktaka og verkkaupa, en þar eru allir uppdættir, útboðs- og samningsskilmálar, verklýsingar, fylgigögn og magntöluskrár. Verktaki skal á sinn kostnað prenta út þau gögn sem hann telur þurfa við framkvæmd verksins.

Sé verklýsingu eða teikningu breytt á framkvæmdatíma vegna breytinga sem verkkaupi hefur beðið um, eða ný gögn gefin út, verða þau afhent verktaka á rafrænu formi. Í tilboði bjóðanda skal vera innifalið, innan eðlilegra marka, endurgjald fyrir móttöku, meðhöndlun og rýni nýrra og breyttra uppdættu og lýsinga.

0.3.4 LÖG, REGLUGERÐIR OG LEIÐBEININGAR

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715/2001
- Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016.
- Reglugerð um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vegna opinberra innkaupa, nr. 360/2022. Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993 með áorðnum breytingum.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 12/1998.
- Reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002 með áorðnum breytingum.
- Lögreglusamþykktir.
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglur um vinnusvæðamerkingar, Merkingar vinnusvæða og Teikningar gefnar út af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg. Hægt er að nálgast ritin á heimasíðu Vegagerðarinnar: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>
- Öryggishandbók USK vegna framkvæmda.
- Reglugerð um hávaða.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.3.5 UNDIRVERKTAKAR

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30 og í 88. grein laga nr. 120/2016. Einnig eru ákvæði í 89. grein sömu laga að því er varðar bann við gerviverktöku.

0.4 TILBOÐ

0.4.1 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar mælir með að bjóðendur kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar og undirbúi afhendingu fyrirspurna og skil á tilboðum með góðum fyrirvara. Innkaupadeild getur ekki tryggt að bjóðendur fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupadeild mun leitast við að aðstoða bjóðendur við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveim virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

A Aðaltilboð

Eingöngu er hægt að gera tilboð í öll þau verk sem hvert útboðssvæði inniheldur, þ.e. aðeins er hægt að gera tilboð í útboðssvæði í heild sinni.

Fylla skal út þá liði í tilboðsskrá sem boðið er í, þ.e. útboðssvæði 1, 2, 3 og/eða 4. Heimilt er að bjóða í eitt svæði, tvö, þrjú eða öll fjögur. Tilboð í hvert útboðssvæði er metið sérstaklega og er því ótengt öðrum útboðssvæðum.

Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár fyrir sérhvert útboðssvæði sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum samsvarandi útboðssvæðis, sbr. grein 2.4.4 í ÍST 30.

Bjóðendur skili inn tilboðsblaði og tilboðsskrá rafrænt inn á útboðsvef Innkaupadeildar <http://utbod.reykjavik.is>

Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda. Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Einingarverð skulu vera í heilum krónum.

Í verklýsingu er í hverjum kafla gerð grein fyrir þeim reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Allar magntölur eru reiknaðar eftir málum á teikningum þar sem það á við nema þar sem sérstaklega er tekið fram að reiknað sé eftir öðrum forsendum. Telji bjóðandi t.d. efnisþörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áður nefndum reglum (t.d. vegna rýrnunar við niðurskurð) skal hann reikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleifa o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Tilboðsfjárhæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingarverðs.

Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

B Aukaverk

Komi til aukaverka á framkvæmdatímanum, en aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30, fer verkkaupi fram á að bjóðendur geri tilboð í áætlaðan fjölda útseldra tíma, tækja og mannafla.

C Frávikstilboð

Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum. Hafi bjóðendur hins vegar áhuga á að bjóða annað efni, tækjabúnað, tilhögun verks eða útfærslur en útboðsgögn skilgreina er þeim heimilt á fyrirspurnartíma útboðsins að senda inn óskir þess efnis og mun verkkaupi taka afstöðu til þessara óska. Fallist verkkaupi á breytingar á efni, tilhögun verks eða útfærslum mun hann gefa út viðauka við útboðsgögnin þar sem slíkar breytingar eru skýrðar og öllum bjóðendum gefinn kostur á að bjóða í slíka valkosti á jafnréttisgrundvelli.

0.4.2 FYLGIGÖGN MEÐ TILBOÐI

Bjóðendur skulu skila inn rafrænni tilboðsskrá/tilboðsblaði, sem og útfylltri tilboðsskrá og undirrituðu tilboðsblaði á pappírformi, sjá grein „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“.

Því til viðbótar skal skila inn eftirtöldum fylgigögnum með tilboðinu:

- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði / lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna.
- Tækjalista, lista yfir stjórnendur og starfsmenn, undirverktaka og sambærileg verk (sjá fylgiskjöl 2.3.1-2.3.4).
- Hyggist verktaki leigja/kaupa tæki til verksins skal fylgja undirritaður samningur milli hlutaðeigandi aðila.

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og samningsskilmálar

Staðfesting er sýnir fram á að bjóðandi sé í skilum vegna framangreinds skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnunardag tilboða. Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skilvísi sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Farið verður með framangreindar fjárhagsupplýsingar bjóðenda í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

Sé kaupanda kunnugt á opnunardegi tilboðs um að bjóðandi hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum, skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings vegna þess verks sem útboðið tekur til.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið eftir gjaldþrotaskiptum eða slitum á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1.-5. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

0.4.3 AUÐKENNI TILBOÐS

Tilboð skulu sett fram samkvæmt tilboðsskrá, tilboðsblaði og fyrirmælum á útboðsvef innkaupadeildar <http://utbod.reykjavik.is>.

Bjóðendur skulu í tilboðsverðum sínum gera ráð fyrir öllum kostnaði sem þeir kunna að bera samkvæmt þessum gögnum.

Tilboðum ásamt umbeðnum gögnum skal skila með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar <http://utbod.reykjavik.is>.

Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að uppgefinn tilboðsfrestur er útrunninn.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

0.4.4 TILBOÐSTRYGGING – GILDISTÍMI TILBOÐS

Ekki verður krafist tilboðstryggingar af hendi bjóðanda.

Gildistími tilboða eru 8 vikur.

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 8 vikur frá opnun tilboða.

Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í grein 2.6 í ÍST 30.

0.4.5 ÖPNUN TILBOÐA

Opnun tilboða fer fram í Borgartúni 12 – 14, með rafrænum hætti, á útboðsvef innkaupadeildar Reykjavíkurborgar. Tilboð verða opnuð eftir að tilgreindur tilboðsfrestur rennur út (sjá grein 0.1.2).

Við opnun tilboða verða lesin upp nöfn bjóðenda og heildarverð af tilboðseyðublaði.

Þau tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðunum verða ekki opnuð.

0.4.6 MEÐFERÐ OG MAT TILBOÐA

Ákvæði um val á tilboði eru í kafla 2.7 í ÍST 30 og í lögum um opinber innkaup þegar um EES útboð er að ræða.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í grein „0.1.3 Kröfur til bjóðenda“. Ekki verður gengið til samninga við bjóðanda ef tækjabúnaðurinn sem hann býður til verksins uppfyllir ekki kröfur sem tilgreindar eru í grein „1.1.5 Tæki og búnaður“

Við mat á hagkvæmasta tilboði gildir tilboðsupphæð fyrir tiltekið útboðssvæði þ.e. tilboð í snjóhreinsun þess útboðssvæðis (1, 2, 3 eða 4) sem boðið er í, ásamt verðtilboði í viðverugjald og vinnu í tímavinnu fyrir samsvarandi útboðssvæði líkt og fram kemur í tilboðsskrá. Bjóðanda er heimilt að bjóða í eitt, tvö, þrjú eða öll útboðssvæðin. Tekið verður tilboði bjóðanda sem á lægsta heildarverðið í hvert útboðssvæði en tilboð í hvert útboðssvæði er metið ótengt öðrum útboðssvæðum. Verkkaupi áskilur sér rétt til að leita samninga við bjóðanda um eitt eða fleiri útboðssvæði, á grundvelli tilboðsupphæða.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“ um að óútfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

0.4.7 ÞÓKNUN FYRIR GERÐ TILBOÐS

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNÐVÖLLUR

0.5.1 ÝMIS GJÖLD OG KOSTNAÐUR SEM VERKKAUPI GREIÐIR

(Eftir því sem við á)

01 Uppdrættir og útboðsgögn

02 Eftirlit verkkaupa

0.5.2 FRAMLAG VERKKAUPA

Verkkaupi leggur ekkert annað til verksins utan þess sem fram kemur í þessari grein og grein „0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir“.

Verkkaupi sér um hálkueyðingu (söltun/söndun) á stofnanalóðum.

0.5.3 BREYTINGAR Á VERKINU (VIÐBÓTARVERK) – AUKAVERK

Orðskýringar:

Viðbótarverk er skilgreint í grein 1.2.19 í ÍST 30. Allar breytingar sem verkkaupi gerir á verkinu, eftir að verksamningur er kominn á, teljast því vera viðbótarverk. Þó svo að viðbótarverk valdi að jafnaði hækkun á kostnaði verks, geta þau einnig valdið lækkun á greiðslum til verktaka, til dæmis ef verkkaupi tekur ákvörðun um að minnka umfang verks eða breyta verki til kostnaðarlækkunar með því að draga úr kröfum til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og samningsskilmálar

Aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30. Aukaverk koma því til vegna skorts á upplýsingum, ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum og öfugt við viðbótarverkin geta aukaverk einungis valdið kostnaðarauka í verkinu.

Komi til viðbótarverka eða aukaverka skal fylgja ákvæðum ÍST 30, greinar 3.6. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu skal nota taxa sem verktaki býður í tilboði sínu.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Framkvæmd aukaverka eða viðbótarverka getur því aðeins leitt til framlengingar á skilátíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að viðkomandi auka- eða viðbótarverk séu á bundinni leið (Critical Path) verksins.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu, sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, vegna viðbótar- eða aukaverka, skal vera 10%. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv. Álag greiðist ekki á það tímagjald sem verktaki býður í tilboði sínu skv. lið **B** í grein „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“.

0.5.4 FRESTIR – TAFABÆTUR (DAGSEKTIR)

Verktaki skal ljúka hverri umferð hreinsunar (snjóruðningur) eftir þjónustuflokki á tilskildum tíma samkvæmt grein „1.1.3 Vinnutími“. Dragist verklok hvers þjónustuflokks fram yfir þann tíma sem tilgreindur er í grein „1.1.3 Vinnutími“ skal verktaki greiða verkkaupa ákveðna fjárhæð í tafarbætur fyrir hverja klukkustund sem það dregst að hreinsun sé að fullu lokið.

Sinni verktaki ekki útkalli innan tilskilins tíma skal hann einnig greiða verkkaupa tafarbætur. fyrir hvern byrjaðan klukkutíma eftir að 30 mínútur eru liðnar frá útkalli fyrir hverja vinnuvél sem tefst með þessum hætti.

Fjárhæð tafarbóta kemur fram í grein „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“.

Sjái verktaki ekki fram á að geta klárað hverja hreinsun innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í grein „1.1.3 Vinnutími“ skal hann greina eftirlitsmanni verkkaupa frá því tafarlaust.

0.5.5 GREIÐSLUR, MAGNTÖLUR OG REIKNINGSSKIL

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til greinar 5.1 í ÍST 30. Greitt verður til verktaka samkvæmt yfirfarinni (leiðrétttri) tilboðsskrá. Reikningar skulu lagðir fram aðra hverja viku þar sem uppgjörstímabil er tvær vikur (sunnudagur til laugardags). Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og við reikningagerð skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttingar teffi reikninga. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Reikningar skulu skráðir á:

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar,
kt. 570480-0149,
b/t Borgarbókhalds,
Borgartúni 12-14,
105 REYKJAVÍK.

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og samningsskilmálar

Á hverjum reikningi til verkkaupa skal koma fram heiti verks og verkbeiðnanúmer sem verktaki fær uppgið í upphafi verks.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Sé verktaki í skuld við Reykjavíkurborg á meðan á verki stendur, áskilur Reykjavíkurborg sem verkkaupi, sér rétt til þess að ráðstafa greiðslum fyrir verk þetta til greiðslu skulda verktaka við Reykjavíkurborg.

0.5.6 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Verðlagsgrundvöllur samnings er miðaður við samsetta vísitölur liðs „072 Rekstur ökutækja“ úr neysluverðsvísitölu Hagstofu Íslands (grunnur frá árinu 2008) annars vegar og launavísitölu hins vegar. Skipting þeirra er 70% liður 072, og 30% launavísitala. Samningsbundnar greiðslur hækka eða lækka hlutfallslega með hækun eða lækun á nefndum liðum.

Verðbætur skulu miðaðar við ofangreinda liði eins og þeir eru skráðir á opunardegi tilboða. Verðbætur reiknast við uppgjör á hverjum reikningi sem nær yfir tveggja vikna tímabil. Hverju sinni skal miða við birtar/skráðar vísitölur við lok hvers tveggja vikna uppgjörstímabils.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði skal þó aldrei miða við lægri vísitölu en upphafsvísitölu verksamnings (útreiknaða samsetta vísitölu).

Tímataxtar í mögulegum aukaverkum og viðbótarverkum verðbættast á sama hátt og samningsbundnar greiðslur.

0.5.7 FYRIRFRAMGREIÐSLA

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.5.8 MAGNBREYTINGAR

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur vegna breytinga á magntölum nema frávik frá áætluðum magntölum leiði til þess að heildargreiðsla fyrir samningsverkið sé meira en 20 % hærri eða lægri en heildar samningsupphæð. Endurskoðunin gildir einungis fyrir það magn sem fellur utan þessara marka. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur, þótt magn einstakra verkliða aukist eða minnki eða jafnvel falli brott.

0.6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL

0.6.1 ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR OG LÖGBOÐIN GJÖLD

Ábyrgð og áhætta er skilgreind í grein 3.9 í ÍST 30.

Meðan á verkinu stendur skal verktaki á, eigin kostnað, vát tryggja vinnuskúra, byggingarefni og vélar gegn hugsanlegum tjónum í samræmi við verðgildi þeirra á hverjum tíma.

Verktaki ber ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Ennfremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur. Verktaki skal leggja fram skírteini um frjálssa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni, skal verktaki bæta að fullu, enda setji hann fyrir því þá tryggingu sem verkkaupi tekur gilda (verktrygging/-ábyrgð). Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram skal verktaki hafa og kosta allar nauðsynlegar váttryggingar sem leiða af framkvæmdinni.

Slysatryggingu starfsmanna sinna skal verktaki annast og kosta sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld sem fylgja því að hafa starfsmenn í vinnu og selja efni og þjónustu.

Hvenær sem er á framkvæmdatíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar því, að lögboðin gjöld, s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld o.s.frv. séu í skilum.

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og samningsskilmálar

Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af skírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir fyrir vegna verksins á hverjum tíma, ásamt með staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum.

0.6.2 FRAMKVÆMDATRYGGING – VERKTRYGGING

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings verktryggingu, skv. kafla 3.5 í ÍST 30.

Verktrygging skal miðast við 5% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt á til verkloka.

Óheimilt er að fella niður verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. eyðublað fyrir verktryggingu.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.6.3 VEÐSETNINGAR – EIGNARRÉTTARFYRIRVARAR

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks samþykkis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Efni sem verkkaupi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins, án sérstaks samþykkis verkkaupa.

0.6.4 MISRÆMI Í GÖGNUM

Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það sem tekur ákvörðun um hvort skuli gilda. Komi fram villur í útboðsgögnum, er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Leiði villan til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

0.6.5 ÁGREININGSMÁL

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dóminum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til Gerðardóms VFÍ til fullnaðarúrskurðar.

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. grein 6.3 ÍST 30. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur.

0.7 VINNUSTAÐUR

0.7.1 ATHAFNASVÆÐI OG VINNUAÐSTAÐA

Verktaki skal sjálfur útvega svæði, innan framkvæmdasvæðis og sjá um að sækja um og kosta afnotaleyfi fyrir þeim, til þess að geyma t.d. tækjabúnað á verktíma.

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hætta af vinnusvæðinu, samanber grein „0.7.5 Öryggi á vinnustað“. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til greinar „0.7.4 Umhirða á vinnustað“.

0.7.2 HÚSNÆÐI FYRIR STARFSMENN, TEIKNINGAR OG EFNI

Verktaki skal leggja til allt nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu á efni, allt eins og lýst er nánar í verklýsingu. Einnig sé hentugt og nægjanlegt húsrými fyrir uppdrætti og verkfundahöld.

0.7.3 LJÓS, HITI, AKSTUR, VÉLAR OG FLEIRA

Verktaki skal, nema annað komi fram í grein „0.5.2 Framlag verkkaupa“, leggja til og kosta öll áhöld, vélar, verkfæri og orku, sem til þarf við framkvæmdirnar, enn fremur allan flutning á starfsmönnum, tækjum og efni.

0.7.4 UMHIRÐA Á VINNUSTAÐ

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað, vinnuskúrum og á lóðum sé ávallt góð og skal verktaki fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanns þar að lútandi. Um almenna umgengi og umhirðu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 4.2 í ÍST 30.

0.7.5 ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir eftirlitsmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera, m.a. vegna umferðar við vinnustað. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum, þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig viðhafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að áliti eftirlitsmanns og skv. skilmálum váttryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitu-stofnunum skal fylgt í hvívetna.

Einnig er vísað á LBS-020 Öryggismál í sameiginlegum útboðsverkum og Öryggishandbók vegna framkvæmda USK.

Slóðin er [Handbók USK](#).

0.7.6 ÝMIS SÉRÁKVÆÐI V/VINNU FYRIR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR.

Á ekki við í þessu útboðsverki.

0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS

0.8.1 VERKSTJÓRN VERKTAKA, DAGBÓK OG VERKFUNDIR

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir eru ritaðar af eftirlitsmanni verkkaupa og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum.

0.8.2 GÆÐI VERKSINS

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í grein 4.3 í ÍST 30.

Öll vinna og allur frágangur verksins skulu vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Fagvinna skal unnin af fagmönnum og skal verktaki skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna sé þess óskað.

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesta gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík 2022-2025

Útboðs- og samningsskilmálar

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Eftirlitsmaður getur sett tímatakörk um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram.

0.8.3 EFNISVAL OG VINNUAÐFERÐIR

Þjóðandi skal miða tilboð sitt við þá efnis- og vinnuliði sem útboðsgögn gera ráð fyrir. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsmann, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3 í ÍST 30. Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.4 MÁLSETNINGAR OG MÆLINGAR

Á ekki við í þessu útboðsverki.

0.8.5 SÝNISHORN OG PRÓFANIR

Á ekki við í þessu útboðsverki.

0.8.6 SAMSKIPTI VIÐ YFIRVÖLD

Á ekki við í þessu útboðsverki.

0.8.7 VERKLOK / ÚTTEKTIR

Úttekt fer fram eftir að tímabili vetrarþjónustu lýkur ár hvert. Við úttekt yfirfara fulltrúar verkkaupa og verktaka (auk undirverktaka þar sem við á) verkið. Telji eftirlitsmaður verkkaupa að eitthvað sé vangert eða að úrbóta sé þörf, skal hann að lokinni úttekt án tafar afhenda verktaka orðsendingu (úrbótalista) um öll atriði sem lagfæra þarf. Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim atriðum sem talin eru ófullnægjandi við úttekt.

Verkinu telst lokið þegar verktaki hefur lokið verkinu í samræmi við útboðsgögn.

Hafi framangreind atriði verið staðfest sem fullafgreidd við lok samningstíma skal verkkaupi gefa út án tafar vottorð um verklok

0.8.8 MEISTARASKIPTI OG HLUTVERK BYGGINGARSTJÓRA

Á ekki við í þessu útboðsverki.

0.9 TEIKNINGASKRÁ

Eftirtalin yfirlitskort fylgja útboði þessu.

- 15701 - Vetrarþjónusta stofnanalóða 2022-2025 - Yfirlitskort – Útboðssvæði
- 15701 - Vetrarþjónusta stofnanalóða 2022-2025 - Útboðssvæði 1
- 15701 - Vetrarþjónusta stofnanalóða 2022-2025 - Útboðssvæði 2
- 15701 - Vetrarþjónusta stofnanalóða 2022-2025 - Útboðssvæði 3
- 15701 - Vetrarþjónusta stofnanalóða 2022-2025 - Útboðssvæði 4
- Vefsíja sem hefur að geyma gagnvirkt yfirlitskort allra stofnanalóða allra útboðssvæða er aðgengileg hér: <https://lukrgatt.reykjavik.is/portal/apps/webappviewer/index.html?id=c0f80277341f46f19a6079b13273cf1c>

0.10 FYLGISKJÖL FRÁ VERKKAUPA

0.10.1 FORM VERKTRYGGINGAR

VERKTRYGGING

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar sem verkkaupa greiðslu á allt að kr. upphæð í tölustöfum,- upphæð í bókstöfum-^{00/100}, sem tryggingu fyrir því, að nafn verktaka kt:....., inni í einu og öllu af hendi samningskyldur sínar sem verktaki við verkið „Nafnið á verkinu“, skv. útboðsgögnum og verksamningi.

Verktrygging þessi er 5 % af samningsfjárhæð í samræmi við ákvæði í verksamningi og skal standa óbreytt þar til gefið hefur verið út vottorð um verklok, en fellur þá niður.

Óheimilt er að lækka eða fella þessa verktryggingu niður nema að fenginni skriflegri heimild þar að lútandi frá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Gildir það jafnt þó að tólf mánuðir séu liðnir frá útgáfu vottorðs um verklok.

Verkkaupi getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram koma á verki verktaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamnings og skal greiðslan fara fram innan 14 daga frá því að hennar er krafist.

Staður,dagsetning, ár. _____

undirskrift og stimpill

Vitundarvottar:

0.10.2 VERKMAPPA

Á ekki við í þessu útboðsverki.

0.10.3 GÖGN Á YTRI VEF USK

Skjöl í Rekstrarhandbók USK á slóðinni [Handbók USK](#).

0.10.4 GÖGN AFHENT Á ÚTBOÐSVEF REYKJAVÍKURBORGAR

Útboðsgögn

- Útboðs- og samningsskilmálar
- Verklýsing
- Útboðsteikningar og vefsjá
- Tilboðsblað og tilboðsskrá.

Fylgigögn frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK):

- Fylgiskjal 1 - Vetrarþjónusta – Þjónustuhandbók USK, útgáfa 05

1. VERKLÝSING

1.1 ALMENNT

1.1.1 YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Verkkaupi (Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar) óskar eftir að semja við verktaka til þriggja ára, með möguleika verkkaupa á framlengingu til tveggja ára, eitt ár í seinn, til að sjá um snjóhreinsun bílastæða innan stofnanalóða í Reykjavík

Verkið felur í sér vetrarþjónustu stofnanalóða Reykjavíkurborgar, með þeim vélum og tækjum sem henta þykir. Verktaki skal hafa full umráð yfir þeim vélknúna tækjum sem nauðsynleg eru til að framkvæma þá vinnu sem óskað er eftir samkvæmt verklýsingu þessari.

Útboðssvæði fyrir vetrarþjónustu stofnanalóða má sjá á yfirlitskortum sem tilgreind eru í kafla 0.9 „Teikningaskrá“. Um er að ræða snjóhreinsun bílastæða innan stofnanalóða innan allra hverfa¹ í Reykjavík.

	Útboðssvæði			
	Svæði 1 Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	Svæði 2 Laugardalur, Háaleiti- Bústaðir	Svæði 3 Grafarvogur, Úlfarsárdalur og Grafarholt	Svæði 4 Árbær, Breiðholt og Norðlingaholt
Stærð stofnanalóða	30.934 m ²	50.797 m ²	56.633 m ²	53.674 m ²

Verktaka er heimilt að bjóða í eitt eða fleiri útboðssvæði.

Markmið vetrarþjónustu um stofnanalóðir er að halda bifreiðastæðum borgarinnar í nothæfu ástandi innan opnunartíma þeirra stofnana og fyrirtækja sem þau þjóna.

Verktaki skal kynna sér ítarlega vinnusvæði innan þess útboðssvæðis sem hann hyggst bjóða í.

Verktaki skal sjá um allan snjóruðning á bílastæðum stofnana. Hálkueyðing á bílastæðum stofnana verður í höndum verkkaupa.

Verktaki skal hreinsa bílastæði þannig að þau séu greiðfær venjulegum fólksbílum búnunum til vetraraksturs.

Snjóhreinsun gatna, stoppistöðva og gönguleiða er að hluta til framkvæmd fyrir og eftir að snjóhreinsun stofnanalóða hefur farið fram og því skal verktaki gera ráð fyrir því að ruðningar geti verið á bílastæðum og aðkomum þeirra eftir snjóruðningstæki á vegum umhverfis- og skipulagssviðs.

Verktaki skal gera ráð fyrir því að suma daga þurfi einungis að snjóhreinsa hluta af tilteknu útboðssvæði og er þá greitt fyrir þá vinnu miðað þann fermetrafjöldi lóða sem er snjóhreinsaður hverju sinni.

Við snjóruðning skal aka á þeim hraða sem skilar mestum árangri við hálkuvörn og hreinsun stofnanalóða. Ávallt skal þó aka innan löglegs hraða. Í samráði við eftirlitsmann skal gera áætlun um hvernig stofnanalóðir verða ruddar og í hvaða forgangsröð í samræmi við það sem fram kemur í kafla 1.1.4 „Vinnutími“.

Sinni verktaki vetrarþjónustu stofnanalóða í fleiri en einu útboðssvæði skal verktaki hefja vinnu samtímis í öllum útboðssvæðum sem kallað er út í, með öllum þeim tækjum sem gerð er krafa um (sjá nánar kafla 1.1.5.2 „Tækjapörf“) og vinna í þeim þar til hreinsun í hverju hverfi/útboðssvæði er lokið. Ef hreinsun í einu útboðssvæði er lokið í tilteknum forgangi á undan öðrum skal verktaki flytja vélar á milli útboðssvæða til þess að flýta fyrir hreinsun í viðkomandi forgangi í öðrum útboðssvæðum.

Verktaki skal gæta þess að skemma ekki gróður, skilti og mannvirki við vinnu sína. Ef skemmdir koma í ljós eftir veturinn skal verktaki lagfæra þær án tafar og á eigin kostnað.

¹ Að undanskildu Kjalarnesi.

Lendi verktaki í fyrirstöðu svo sem vegna aðgengis að bílalóðum (t.d. bílar eru fyrir í stæðum) skal hann tilkynna það tafarlaust til eftirlitsmanns.

Lendi verktaki í annarri fyrirstöðu (s.s. mikill klaki, mjög blautur snjór) sem vinnutæki ráða ekki við, skal hann tilkynna það tafarlaust til eftirlitsmanns og vinna að úrlausnum í samráði við eftirlitsmann. Verktaki skal reyna að losa slíkar fyrirstöður án aukins kostnaðar fyrir verkkaupa.

Eftirlitsmaður verkkaupa hefur heimild til að gefa verktaka frekari fyrirmæli en verklýsing kveður á um og verktaki skal jafnan hlíta slíkum fyrirmælum. Þannig getur eftirlitsmaður verkkaupa til dæmis ákveðið:

- 1) stöðvun snjóruðnings án þess að verktaki telji sig hafa lokið snjóruðningi.
- 2) frekari snjóruðning einstakra stofnanalóða eftir að verktaki telur sig hafa lokið snjóruðningi.
- 3) snjóhreinsun einstakra bílaplana og annarra stærri plana sem ekki eru á yfirlitskortu (sjá fylgiskjal).

Verktaki skal í öllum tilvikum hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa og bregðast við eins skjótt og honum er unnt.

Falli snjóruðningur niður vegna óveðurs skal verktaki vera reiðubúinn að hefja vinnu að nýju þegar veður leyfir og eftir fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa.

Tefjist vinna verktaka af einhverjum ástæðum hefur eftirlitsmaður verkkaupa heimild til að láta önnur tæki vinna hluta af verkinu.

Vetrarþjónusta er í sífelldri þróun hjá verkkaupa, bæði hvað varðar framkvæmd þjónustunnar og mismunandi efni til hálkuvarna. Verktaka ber að taka þátt í þróunarverkefnum með verkkaupa en valdi þau sannarlegum kostnaðarauka fyrir verktaka mun verkkaupi bæta verktaka þann kostnað.

Verkkaupi gerir þá kröfu á verktaka að allir hans starfmenn sem sinna vetrarþjónustu mæti á samráðsfundi, sjá nánar grein 1.1.9. Ekki er greitt sérstaklega fyrir samráðsfundi heldur skal kostnaður vegna þeirra vera innifalinn í einingarverðum.

1.1.2 UMFERÐ/ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Verktaki skal annast og kosta allar öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru. Við gerð og framkvæmd öryggisráðstafana skal verktaki hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa, lögreglu og vinnueftirlit.

Verktaki skal taka fyllsta tillit til húseigenda og þeirra mannvirkja sem liggja nærri verki þessu og haga framkvæmdum í samræmi við það.

Verktaki skal sýna annarri umferð (gangandi, hjólandi eða akandi) fyllstu tillitssemi við framkvæmd verksins. Hann skal minnka ökuhraða til þess að forðast að snjóhreinsunartæki eða ruðningar lendi á bifreiðum, húsum, götum, strætóskýlum eða öðrum mannvirkjum sem standa við stíga og bílastæði.

Truflun á umferð um götur sem unnið er við, svo og í nærliggjandi götum, skal haldið í lágmarki. Ef fyrirséð er að framkvæmdir geti tafið umferð lögreglu, slökkviliðs eða almenningsvagna skal verktaki sjálfur tilkynna það viðkomandi aðilum.

Lokun götu fyrir umferð er óheimil nema með leyfi lögreglu og eftirlitsmanns hverju sinni. Ef lokun er heimilud af eftirlitsmanni skal verktaki sjá um að afla heimildar lögreglu. Í þeim tilvikum skal leitast við að gera lóðarhöfum kleift að komast að eignum sínum.

Verktaka ber að haga vinnu sinni þannig að vetrarþjónusta trufla umferð eins lítið og hægt er. Bent er á að umferð vinnutækja á stofnbrautum er takmörkuð á virkum dögum.

Erfiðleikar við að snjóhreinsa bílastæði eru mjög háðir umferð og þá ekki síst kyrrstæðum bílum á bílastæðum gatna og lóða. Einnig geta verið hindranir vegna trjágróðurs. Það er algjörlega á ábyrgð verktaka að uppfylla kröfur verklýsingar hvað slíkt varðar.

1.1.3 SKEMMDIR Á MANNVIRKJUM OG/EÐA EIGNUM ÞRIÐJA AÐILA

Allt tjón sem verður vegna vinnu verktaka er á hans ábyrgð. Verði tjón á mannvirkjum borgarinnar, s.s. kantsteinum, vegriðum, umferðarskiltum, umferðarljósum, sveifluhlíðum eða ljósastaurum skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það strax. Sama gildir verði tjón á eignum þriðja aðila, s.s. tengikössum OR og Mílu, brunahönum OR, bifreiðum, girðingum eða öðrum eignum íbúa.

Verktaki skal gæta þess að skemma ekki gróður við vinnu sína. Ef skemmdir koma í ljós eftir veturinn skal verktaki lagfæra þær innan þriggja vikna frá tilkynningu eftirlitsmanns þar um, að öðrum kosti mun verkkaupi sjá um að lagfæra gróður á kostnað verktaka.

1.1.4 VINNUTÍMI

Eftirlitsmaður verkkaupa ákveður hvort hreinsa eigi stofnanalóðir, hvernig og hvaða svæði/hverfi og þjónustuflokka skal taka fyrir hverju sinni. Heimilt er að kalla út verktaka á tímabilinu 03:30 til 12:00. Verktaka er gert aðvart um snjóhreinun með hálftrar klst. fyrirvara í gegnum síma sem svo er staðfest með tölvupósti. Verktaki skal vera viðbúinn því að hefja vinnu með öllum þeim tækjum sem gerð er krafa um (sjá nánar kafla 1.1.5.2 „Tækjapörf“) kl. 04:00 (útkall kl. 03:30). Verktaki skal því vera viðbúinn því að geta verið að störfum til allt að til 17:00 (útkall 12:00) en ekki er gert ráð fyrir snjóhreinun frá 17:00 til 04:00.

Ef veðurspá er þess eðlis að gefa má sér að það verði útkall morguninn eftir er heimilt að kalla verktaka út deginum áður.

Standist verktaki ekki ofan- og neðangreind tímamörk skal hann hlíta tafabótum – févítum, sjá nánar í kafla 0.5.4.

1.1.4.1 Þjónustuflokkar - Forgangur og tímamörk

Til þess að mæta markmiði um þjónustustig stofnanalóða þá hafa verið skilgreindir tveir þjónustuflokkar (Forgangur 1 og 2) en gert ráð fyrir að bílastæði séu hreinsuð utan opnunartíma stofnana, sjá nánar hér að neðan:

Forgangur 1

Leik- og grunnskólar – Bílastæði skulu vera hrein fyrir klukkan 07:30 alla virka daga. Ekki er gert ráð fyrir þjónustu um helgar eða þegar skólalald liggur niðri.

Sundlaugar – Bílastæði skulu vera hrein fyrir klukkan 06:30 alla virka daga. Um helgar skulu bílastæði vera hrein fyrir kl. 09:00.

Velferðarsvið, lóðir í forgangi 1 – Bílastæði skulu vera hrein fyrir klukkan 08:00 alla virka daga. Ekki er gert ráð fyrir þjónustu um helgar.

Forgangur 2

Aðrar stofnannir – Bílastæði skulu vera hrein fyrir klukkan 10:00 alla virka daga en leitast skal við að hreinsa stæði fyrir opnunartíma þessara stofnana sem er misjafn milli stofnana. Ekki er gert ráð fyrir þjónustu um helgar. Aðrar stofnannir geta verið t.d. íþróttamannvirki, lóðir í umsjón Bílastæðasjóðs Reykjavíkur og menningarstofnannir eins og Kjarvalsstaðir og Árbæjarsafn.

Velferðarsvið, lóðir í forgangi 2 – Bílastæði skulu vera hrein fyrir klukkan 16:00 alla virka daga. Ekki er gert ráð fyrir þjónustu um helgar.

Tímamörk sem nefnd eru hér að ofan miðast að jafnaði við þegar verktaki er kallaður út milli 03:30 og 4:30 (þ.e. vinna hefst milli 04:00 og 05:00) en á þessum tíma er umferð lítil og engir/fáir bílar í stæðum innan stofnanalóða. Aftur á móti, sé verktaki kallaður út klukkan 05:00 eða síðar (vinna hefst 05:30 eða síðar) þá má búast við að umferð sé meiri og þar með hefur verktaki:

- 5 klst. til þess að ljúka hreinsun leik- og grunnskólum, sundlaugum og lóðum Velferðarsviðs sem eru í 1. forgangi.
- 12 klst. til að ljúka hreinsun annarra lóða sem eru í forgangi 2.

1.1.5 TÆKI OG BÚNAÐUR

1.1.5.1 Almennt um tæki og búnað

Verktaki skal leggja til allan tengi- og festibúnað fyrir snjómokstursbúnað á vélar, vökvakerfi í vörubifreið, hverfiljós á alla bíla og tæki og stjórnbúnað í stýrishús.

Verktaki skal leggja til allan búnað til snjóruðnings þ.e. snjótennur.

Verktaki skal leggja til og tryggja að vinnuljós séu á öllum ökutækjum.

Verktaki skal fá samþykki verkkaupa fyrir þeim tækjum búnaði sem hann ætlar að nota.

Verktaki greiðir ísetningu, viðhald og rekstur búnaðar sem hann leggur til, þ.m.t. ferilvöktunarbúnað, sjá nánar kafla 1.1.6.

Verktaki ber ábyrgð á og kostnað af öllum breytingum, tengingum og festingum búnaðar hvort sem verkkaupi leggur búnaðinn til eða verktaki.

1.1.5.2 Tækjapörf

Gerðar eru eftirfarandi lágmarkskröfur til fjölda tækja og tegundir þeirra sem boðnar eru til verksins fyrir sérhvert útboðssvæði:

	Lágmarkskröfur til fjölda og tegunda snjóruðningstækja
Útboðssvæði 1	2 snjómoksturstæki sem geta verið traktor, traktorsgrafa og/eða hjólaskófla. Gerð er krafa um að a.m.k. eitt tæki sé traktorsgrafa.
Útboðssvæði 2	3 snjómoksturstæki sem geta verið traktor, traktorsgrafa og/eða hjólaskófla. Gerð er krafa um að a.m.k. eitt tæki sé traktorsgrafa.
Útboðssvæði 3	3 snjómoksturstæki sem geta verið traktor, traktorsgrafa og/eða hjólaskófla. Gerð er krafa um að a.m.k. eitt tæki sé traktorsgrafa.
Útboðssvæði 4	3 snjómoksturstæki sem geta verið traktor, traktorsgrafa og/eða hjólaskófla. Gerð er krafa um að a.m.k. eitt tæki sé traktorsgrafa.

Um öll útboðssvæði gilda eftirfarandi lágmarkskröfur:

Öll snjómoksturstæki þ.e. traktorar, traktorsgröfur og hjólaskóflur sem boðnar eru til verksins, skulu fullbúnar til snjóruðnings og til vetraraksturs. Tafla hér gefur dæmi um slík tæki, ásamt lágmarkskröfum um afkasta- og aflgetu og þyngd ökutækja sem tæki bjóðanda skulu uppfylla.

Tæki	Dæmi um tæki eða sambærilegt	Lágmarkskröfur afkast/afla	Lágmarks þyngd
1) Hjólaskófla og traktor	Þ.e. Komatsu WA sería, Caterpillar 9 sería, New Holland TVT	>125 hp, 4wd	6,5 tonn
2) Traktorsgrafa	Þ.e. McCormick, Caterpillar 4 sería, Solis, Fendt, John Deere	>75 hp, 4wd	9 tonn

Lágmarksþyngd miðast við fullbúin snjómoksturstæki s.s. með plógtönn.

Verktaki skal sýna fram á það skriflega að hann hafi greiðan aðgang að varavél eða vélum ef eigin vélar bíla eða forfallast frá verkinu. Varavél, sem getur verið traktor, traktorsgrafa eða hjólaskófla, getur verið minni, en þó ekki léttari en 5 tonn.

Snjótönn skal vera stillanleg plógtönn með stálskera og vinnslubreidd á bilinu 2,0-3,6 m. sem gefur eftir þegar rekist er í kantstein eða aðra fyrirstöðu.

Verktaka er ekki heimilt að bjóða tæki sem bundin eru í öðrum samningum um vetrarþjónustu hjá verkkaupa.

Vertaka er ekki heimilt að bjóða sama tæki í fleiri en eitt útboðssvæði. Því skal bjóðandi sem býður t.d. í tvö útboðssvæði að hafa yfir að ráða samanlögðum fjölda tækja fyrir þessi tvö útboðssvæði.

Verktaki skal tilkynna hvaða tæki hann hyggst nota til verksins og skila inn með tilboði. Gefa þarf upp skráningarnúmer, og/eða aðra auðkenningu tækja sem verða notuð til verksins og staðfestir þyngd þeirra áður en samningur er undirritaður. Eftirlitsmaður gerir úttekt á tækjunum í upphafi verks og skulu þau þá jafnframt vigtuð. Eftirlitsmaður mun fylgjast með viðhaldi tækja á framkvæmdatíma og skal verktaki fara eftir réttmætum aðfinnslum eftirlitsmanns um úrbætur. Verði verktaki ekki við tilmælum eftirlitsmanns getur eftirlitsmaður hafnað notkun viðkomandi tækis.

1.1.6 GPS- OG FJARSKIPTABÚNAÐUR VEGNA FERILVÖKTUNAR

Verkkaupi notar SiteWatch ferilvöktunarkerfi til magnuppgjörs og ferilvöktunar. Verktaki skal útbúa alla traktora sína sem sinna snjóruðningi og hálkuvörnum með búnaði ferilvöktunar og er búnaðurinn í umsjón og eigu verktakans sjálfs. Búnaður verktaka skal vera samhæfður SiteWatch kerfinu og gögnum frá búnaði skal skila á vefþjónustu SiteWatch.

Búnaður skal samanstanda af ökurita, loftnetum fyrir GPS og fjarskipti, og tengjum/nemum fyrir sand-/saltdreifara og snjótönn. Ökuriti skal safna upplýsingum um staðsetningu, dagsetningu, tíma, stefnu og hraða ökutækis. Ökuriti skal safna fyrrgreindum upplýsingum á mest 25 m fresti (ekki með lengra millibili) og skulu gögn úr ökurita send með GSM í rauntíma á vefþjónustu SiteWatch.

Verkkaupi notar líka SiteWatch ferilvöktunarkerfi til að geta staðsett snjómoksturstæki vertaka hverju sinni t.d. ef þörf er að bregðast við sérverkefnum í nærumhverfi tiltekens tækis, þá er hægt að senda það tæki í það tiltekna verkefni.

1.1.7 MANNAFLI

Kröfur varðandi reynslu og þekkingu stjórnenda og starfsmanna eru settar fram í grein "0.1.3 Kröfur til bjóðenda".

Verkkaupi skal samþykkja stjórnendur verksins. Ef breytingar verða á stjórnendum á verktíma skal verktaki leita samþykkis verkkaupa fyrir breytingunum.

Verktaki skal sjá stjórnanda verksins fyrir farsíma (vaksíma) sem hægt er ná í hvenær sem er og óháð því hver er á vakt hjá verktaka hverju sinni. Þegar eftirlitsmaður kallar verktaka út til vinnu mun verða hringt í þann vaksíma.

Verktaka ber að sjá um að góð regla og umgengni ríki á vinnustað.

Vinnufatnaður starfsmanna verður að standast kröfur um endurskin vegna vinnu á umferðargötum, samkvæmt ÍST EN ISO 20471.

1.1.8 SKRÁNING

Allur akstur og vinna er skráð sjálfvirkt með hjálp ferilvöktunar. Verktaki ber ábyrgð á því að búnaðurinn virki og eru gögn úr ferilvöktuninni notuð til að sannreyna magntölur þær sem verktaki gefur upp og innheimtir fyrir. Rétt og samþykkt gögn úr ferilvöktun eru forsenda fyrir greiðslu.

Sé ferilvöktunarbúnaður ekki virkur í vélum og eftirlitsmaður getur ekki sannreynt að vél sé í vinnu við vetrarþjónustu stofnanalóða, þá áskilur verkkaupi sér rétt til þess að hafna greiðslu reikninga fyrir þjónustu sem ekki hefur verið sannarlega veitt.

Ef kvartanir berast frá íbúum vegna vinnu verktaka skal hann tilkynna slíkt til eftirlitsmanns. Allar slíkar kvartanir, orsök þeirra og afleiðingar ásamt aðgerðum til úrbóta skal skrá nákvæmlega.

1.1.9 SAMRÁÐSFUNDUR

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að kalla alla starfsmenn verktaka á 2 klst. samráðsfund að hausti og vetri ár hvert yfir samningstímamann þ.e. tveir fundir samtals (4 klst) yfir hvert vetrarþjónustutímabil. Leitast verður við að fundir verði haldnir á dagvinnutíma. Kostnaður vegna samráðsfunda skal vera innifalinn í einingarverðum.

1.1.10 MAGNTÖLUR - UPPGJÖR

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst. Lóðir bílastæða ásamt aðkomum geta bæst við og sömuleiðis fallið út. Greitt verður samkvæmt einingarverðum fyrir unnið magn.

Mælingar og yfirferð sem nauðsynlegar eru vegna reikningsgerðar og uppgjors á verksamningi skulu verktaki og eftirlitsmaður verkkaupa annast í sameiningu.

Í lok hvernar greinar verklýsingar eru greiðsluskilmálar og uppgjorsreglur fyrir viðkomandi grein. Þar sem nefnt er að vinna skuli innifalin er átt við kostnað vegna bæði starfsmanna og tækja (véla).

1.2 VIÐVERUGJALD

Eftirlitsmaður verkkaupa ákveður hvort hreinsa á stofnanalóðir hverju sinni, hvaða þjónustuflokk (t.d. leik- og grunnskóli), svæði og hverfi skal taka fyrir hverju sinni og hvernig sú vinna skal framkvæmd.

Fyrir það að hafa tæki og mannskap í viðbragðsstöðu fyrir hvert útboðssvæði verður greitt viðverugjald, óháð tíðarfari, það tímabil sem snjóhreinsun stendur. Viðverugjald er greitt fyrir hvert tímabil samningstímans eins og skilgreint er í kafla 0.1.7 „Framkvæmdatími – verklok“.

Fjöldi árlegra útkalla vegna snjóhreinsunar er mismunandi eftir veðurfari. Áætlaður fjöldi útkalla síðustu tveggja ára er eftirfarandi:

Ár	Mánuður							Samtals
	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	
2020-2021	0	1	2	0	1	0	1	5
2021-2022	0	1	3	5	15	0	0	24

Um er að ræða fast vikugjald, sem er greitt eftir á með hverjum reikningi, fyrir það tímabil sem snjóhreinsun og hálkueyðing stendur yfir.

1.3 SNJÓHREINSUN

1.3.1 STOFNANALÓÐIR

1.3.1.1 Útboðssvæði 1

Verktaki skal snjóhreinsa bílastæði á stofnanalóðum innan útboðssvæðis 1 (sjá stærðir hvers þjónustuflokks í tilboðsskrá og staðsetningar bílastæða í þeim teikningum/vefsjá sem tilgreind eru í 0.9 „Teikningaskrá“) þannig að þau séu greiðfær venjulegum fólksbílum búnum til vetraraksturs.

Greitt er fermetragjald fyrir vélamann og tæki fyrir hvern unnin fermetra of snjóhreinsaðri stofnanalóð, hvort sem það er í dagvinnu eða eftirvinnu, þ.e. jafnaðargjald. Innifalið í fermetragjaldi skal vera allur kostnaður sem hlýst af því að vera með starfsmenn og tæki í vinnu sem nauðsynleg eru til að fullgera verkið samkvæmt verklýsingu og teikningu/korti.

1.3.1.2 Útboðssvæði 2

Verktaki skal snjóhreinsa bílastæði á stofnanalóðum innan útboðssvæðis 2 (sjá stærðir hvers þjónustuflokks í tilboðsskrá og staðsetningar bílastæða í þeim teikningum/vefsjá sem tilgreind eru í 0.9 „Teikningaskrá“) þannig að þau séu greiðfær venjulegum fólksbílum búnum til vetraraksturs.

Greitt er fermetragjald fyrir vélamann og tæki fyrir hvern unnin fermetra of snjóhreinsaðri stofnanalóð, hvort sem það er í dagvinnu eða eftirvinnu, þ.e. jafnaðargjald. Innifalið í fermetragjaldi skal vera allur kostnaður sem hlýst af því að vera með starfsmenn og tæki í vinnu sem nauðsynleg eru til að fullgera verkið samkvæmt verklýsingu og teikningu/korti.

1.3.1.3 Útboðssvæði 3

Verktaki skal snjóhreinsa bílastæði á stofnanalóðum innan útboðssvæðis 1 (sjá stærðir hvers þjónustuflokks í tilboðsskrá og staðsetningar bílastæða í þeim teikningum/vefsjá sem tilgreind eru í 0.9 „Teikningaskrá“) þannig að þau séu greiðfær venjulegum fólksbílum búnum til vetraraksturs.

Greitt er fermetragjald fyrir vélamann og tæki fyrir hvern unnin fermetra of snjóhreinsaðri stofnanalóð, hvort sem það er í dagvinnu eða eftirvinnu, þ.e. jafnaðargjald. Innifalið í fermetragjaldi skal vera allur kostnaður sem hlýst af því að vera með starfsmenn og tæki í vinnu sem nauðsynleg eru til að fullgera verkið samkvæmt verklýsingu og teikningu/korti.

1.3.1.4 Útboðssvæði 4

Verktaki skal snjóhreinsa bílastæði á stofnanalóðum innan útboðssvæðis (sjá stærðir hvers þjónustuflokks í tilboðsskrá og staðsetningar bílastæða í þeim teikningum/vefsjá sem tilgreind eru í 0.9 „Teikningaskrá“) þannig að þau séu greiðfær venjulegum fólksbílum búnum til vetraraksturs.

Greitt er fermetragjald fyrir vélamann og tæki fyrir hvern unnin fermetra of snjóhreinsaðri stofnanalóð, hvort sem það er í dagvinnu eða eftirvinnu, þ.e. jafnaðargjald. Innifalið í fermetragjaldi skal vera allur kostnaður sem hlýst af því að vera með starfsmenn og tæki í vinnu sem nauðsynleg eru til að fullgera verkið samkvæmt verklýsingu og teikningu/korti.

1.4 VINNA Í TÍMAVINNU

Þegar eingöngu þarf að hreinsa staðbundna og erfiða kafla skal vinna þá í tímavinnu, hvort sem um er að ræða vélavinnu eða handmokstur.

Í tilfallandi sérverkefnum getur verkkaupi kallað eftir aðstoð verktaka þ.e. um er að ræða að snjóhreinsa staðbundna og erfiða kafla sem skal vinna þá í tímavinnu, hvort sem um er að ræða vélavinnu eða handmokstur. Verktaki skal þá útvega mannafla og búnað til verksins eins og hann hefur getu til samkvæmt tækjaskrá. Undir einhverjum kringumstæðum geta sérverkefni þurft að hafa forgang og ef svo ber undir þarf verktaki að sinna þeim verkum tafarlaust.

Handmokstur skal framkvæma á svæðum þar sem erfitt er að koma að vélum.

Fyrir útkall í tímavinnu er aldrei greitt minna en 2 klst.

Greitt er fyrir hvern klukkutíma sem hvert tæki og hver starfsmaður er að störfum á umbeðnu vinnusvæði (nettó vinnutímar) samkvæmt ferilvöktun eða dagsskýrslum eftir því sem við á. Innifalið í tímagjaldi tækja skal vera allur kostnaður verktaka við tækið, efniskostnaður og kostnaður vegna stjórnanda þess tækis. Innifalið í tímagjaldi tækja og verkmanna skal vera allur kostnaður við að flytja verkmennt og tæki að og frá vinnusvæði.

2. TILBOÐSBÓK

2.1 TILBOÐSBLAÐ

TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með tilboð í verkið

VETRARÞJÓNUSTA STOFNANALÓÐA Í REYKJAVÍK 2022-2025

Tilboð bjóðanda gildir fyrir útfyllta reiti viðkomandi útboðssvæðis. Tilboð í hvert útboðssvæði er metið ótengt öðrum útboðssvæðum. Sjá nánar í lið 0.4.6.

Tilboðið er gert samkvæmt útboðs- og verklýsingum, dagsettum í nóvember 2022 ásamt tilheyrandi uppdráttum.

SAMANTEKT TILBOÐSSKRÁR

Nr.	Heiti skv. tilboðsskrá.	Upphæð ISK með VSK
1.2.1.1	Útboðssvæði 1	kr. _____
1.2.1.2	Útboðssvæði 2	kr. _____
1.2.1.3	Útboðssvæði 3	kr. _____
1.2.1.4	Útboðssvæði 4	kr. _____

Yfirlýsing:

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Staður, dags. _____ 2022

Nafn fyrirtækis

Kennitala

Heimilisfang

Sími / Gsm

Póstnúmer, staður (Pósthólf)

Bréfsími

Undirskrift

Netfang

2.2 TILBOÐSSKRÁ

Útboðssvæði eru fjögur, þ.e. útboðssvæði 1, útboðssvæði 2, útboðssvæði 3 og útboðssvæði 4. Heimilt að bjóða í eitt svæði, tvö, þrjú eða fjögur svæði. Tilboð í hvert útboðssvæði er metið ótengt öðrum útboðssvæðum. Sjá nánar í lið 0.4.1 og 0.4.6 í útboðslýsingu.

Stærðir snjóhreinsunarsvæða eru margfaldaðar með áætlaðri snjóhreinsunartíðni hvers árs til að fá út heildartölu, samtals m² á ári.

Heiti: Útboðssvæði 1

Tilvísun	Greiðsluliður	Magn	Tíðni	Samtals/ár	Eining	Verð ISK með vsk.	
						Einingarverð	Samtals
1.1	Viðverugjald						
	Fyrsta tímabil	13	-	-	vikur		
	Önnur tímabil	20	-	-	vikur		
1.2.1.1	Útboðssvæði 1						
	<i>Forgangur 1</i>						
	Leikskólar	10.306	5	51.530	m ²		
	Grunnskólar	9.650	5	48.250	m ²		
	Sundlaugar	2.957	5	14.785	m ²		
	Velferðarsvið 1 forgangur	1.100	5	5.500	m ²		
	<i>Forgangur 2</i>						
	Velferðarsvið 2 forgangur	337	5	1.685	m ²		
	Aðrar stofnanir	6.585	5	32.925	m ²		
1.3	Vinna í tímavinnu						
	Traktorsgrafa/hjólaskófla	20	-	-	klst		
	Verkamaður, handmokstur	20	-	-	klst		
Samtals fyrir fyrsta tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir önnur tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir þrjú tímabil, 3 vetur (flutt á tilboðsblað)						Kr.	

Heiti: Útboðssvæði 2

Tilvísun	Greiðsluliður	Magn	Tíðni	Samtals m ² /ár	Eining	Verð ISK með vsk.	
						Einingarverð	Samtals
1.1	Viðverugjald						
	Fyrsta tímabil	13	-	-	vikur		
	Önnur tímabil	20	-	-	vikur		
1.2.1.2	Útboðssvæði 2						
	<i>Forgangur 1</i>						
	Leikskólar	10.310	5	51.550	m ²		
	Grunnskólar	14.006	5	70.030	m ²		
	Sundlaugar	6.853	5	34.265	m ²		
	Velferðarsvið 1 forgangur	2.149	5	10.745	m ²		
	<i>Forgangur 2</i>						
	Velferðarsvið 2 forgangur	210	5	1.050	m ²		
	Aðrar stofnanir	17.269	5	86.345	m ²		
1.3	Vinna í tímavinnu						
	Traktorsgrafa/hjólaskófla	20	-	-	klst		
	Verkamaður, handmokstur	20	-	-	klst		
Samtals fyrir fyrsta tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir önnur tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir þrjú tímabil, 3 vetur (flutt á tilboðsblað)						Kr.	

Heiti: Útboðssvæði 3

Tilvísun	Greiðsluliður	Magn	Tíðni	Samtals m ² /ár	Eining	Verð ISK með vsk.	
						Einingarverð	Samtals
1.1	Viðverugjald						
	Fyrsta tímabil	13	-	-	vikur		
	Önnur tímabil	20	-	-	vikur		
1.2.1.3	Útboðssvæði 3						
	<i>Forgangur 1</i>						
	Leikskólar	8.955	5	44.775	m ²		
	Grunnskólar	31.383	5	156.915	m ²		
	Sundlaugar	5.595	5	27.975	m ²		
	Velferðarsvið 1 forgangur	2.496	5	12.480	m ²		
	<i>Forgangur 2</i>						
	Velferðarsvið 2 forgangur	2.498	5	12.490	m ²		
	Aðrar stofnanir	5.705	5	28.525	m ²		
1.3	Vinna í tímavinnu						
	Traktorsgrafa/hjólaskófla	20	-	-	klst		
	Verkamaður, handmokstur	20	-	-	klst		
Samtals fyrir fyrsta tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir önnur tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir þrjú tímabil, 3 vetur (flutt á tilboðsblað)						Kr.	

Heiti: Útboðssvæði 4

Tilvísun	Greiðsluliður	Magn	Tíðni	Samtals m ² /ár	Eining	Verð ISK með vsk.	
						Einingarverð	Samtals
1.1	Viðverugjald						
	Fyrsta tímabil	13	-	-	vikur		
	Önnur tímabil	20	-	-	vikur		
1.2.1.4	Útboðssvæði 4						
	<i>Forgangur 1</i>						
	Leikskólar	11.841	5	59.205	m ²		
	Grunnskólar	24.481	5	122.405	m ²		
	Sundlaugar	6.528	5	32.640	m ²		
	Velferðarsvið 1 forgangur	3.484	5	17.420	m ²		
	<i>Forgangur 2</i>						
	Velferðarsvið 2 forgangur	1.931	5	9.655	m ²		
	Aðrar stofnanir	5.409	5	27.045	m ²		
1.3	Vinna í tímavinnu						
	Traktorsgrafa/hjólaskófla	20	-	-	klst		
	Verkamaður, handmokstur	20	-	-	klst		
Samtals fyrir fyrsta tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir önnur tímabil, 1 vetur						Kr.	
Samtals fyrir þrjú tímabil, 3 vetur (flutt á tilboðsblað)						Kr.	

2.3 TÆKNILEGT TILBOÐ

2.3.1 TÆKJALISTI

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunarvið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunarvið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunarvið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunarvið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunar svið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunar svið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunar svið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

Tegundarheiti: _____ Árgerð: _____

Notkunar svið: _____

Afköst og þyngd: _____

Annað: _____

2.3.2 HELSTU STJÓRNENDUR OG STARFSMENN

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Helstu stjórnendur og starfsmenn frh.

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

Nafn: _____ Verksvið: _____

Starfsreynsla: _____

2.3.3 HÆFNI VERKTAKA / LISTI YFIR SAMBÆRILEG VERK

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi): _____

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi): _____

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi): _____

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi): _____

Verkheiti: _____

Lýsing (hvað unnið, hvenær, umfang og verkkaupi): _____

2.3.4 NÖFN UNDIRVERKTAKA

Nafn:

Kennitala:

Sími:
